

Alþingi
Erindi nr. P 141/1350
komudagur 22.1.2013



Alþingi - Allsherjar- og menntamálanefnd
Kristín Einarsdóttir
Alþingi
150 REYKJAVÍK

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 545 9299
postur@fjr.is www.fjr.is

Reykjavík 22. janúar 2013
Tilv.: FJR12120090/0.4.3

Vísað er til erindis frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis dags. 16. desember sl. Í erindinu er þess farið á leit við fjármálaráðuneytið að það vinni og láti framsögumanni frumvarps nefndarinnar um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins í té áætlun um kostnað sem samþykkt Alþingis á frumvarpsins muni hafa í för með sér. Samkvæmt erindinu er beiðnin sett fram með stoð í svohljóðandi 2. mgr. 30. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis:

„Mæli nefnd með samþykkt lagafrumvarps eða þingsályktunartillögu skal hún láta prenta með álitu sínu áætlun um þann kostnað sem hún telur ný lög eða ályktun hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Enn fremur skal nefnd láta endurskoða kostnaðarmat stjórnarfrumvarps, sbr. 37. gr., ef hún gerir verulegar breytingartillögur við frumvarpið“.

Einnig er vísað til sambærilegs erindis frá atvinnuveganefnd sem barst 1. nóvember 2011 vegna tillögu til þingsályktunar um Eflingu græna hagkerfisins á Íslandi og svars ráðuneytisins við því erindi dags. 5. desember 2011.

Í þessu sambandi bendir fjármálaráðuneytið á að fyrri málsliður málsgreinarinnar hefur verið í þingskaparlögum frá því þau voru sett á árinu 1991. Ákvæðið hefur hingað til ekki þótt gefa tilefni til þess að ráðuneytið geri áætlanir um kostnað af lagafrumvörpum eða þingsályktunartillögum sem lagðar eru fram af hálfu þingnefnda. Fjármálaráðuneytið hefur ekki talið það vera hlutverk sitt að vinna slíkar greiningar á þingmálum fyrir Alþingi, enda gerir umrætt lagaákvæði ekki ráð fyrir því heldur hvílir þessi skylda á viðkomandi þingnefnd. Sama á við um sams konar ákvæði sem bætt var við í seinni málsliðnum með breytingu á lögnum á 139. þingi þar sem kveðið er á um endurskoðun á umsögnum um fjárhagsáhrif stjórnarfrumvarpa þegar þingnefnd gerir verulegar breytingartillögur við frumvarpið. Ráðuneytið hefur því ekki til þessa komið að gerð slíkra áætlana fyrir þingið.

Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytis hefur lengi haft með höndum það verkefni að meta fjárhagsáhrif stjórnarfrumvarpa á ríkissjóð áður en þau eru lögð fyrir ríkisstjórn og Alþingi. Kveðið hefur verið á um þá málsmeðferð í reglum ríkisstjórnar um undirbúning og meðferð stjórnarfrumvarpa en ekki í lögum. Fyrirkomulagið hefur þannig eingöngu snúið að undirbúningi lagafrumvarpa á vegum Stjórnarráðsins. Fjármálaráðuneytið telur heppilegast að þetta fyrirkomulag einkorðist áfram við samstarf ráðuneyta um slíka greiningarvinnu og að ráðuneytið verði ekki aðili að mati á öllum frumvörpum og ályktunum sem fram koma á vegum þingnefnda á Alþingi.

Stjórnarfrumvörp sem fjárlagaskrifstofa greinir og metur meðfram fjárlagavinnu á einu löggjafarþingi geta verið um 200 talsins og getur í mörgum tilvikum verið um að ræða nokkuð flókin og tímafrek verkefni. Álag vegna þessara umsagna er því afar mikið á fámennnt starfslið og væri að óbreyttu útilokað að auka á það með því að bæta við mati á fjölda annarra þingmála sem einnig geta verið umfangsmikil, eins og frumvörp til laga og þingsályktunartillögur. Gerð slíkra umsagna kallar einnig á samstarf við viðkomandi fagráðuneyti sem í mörgum tilvikum þurfa að leggja til mikinn efnivið í matið.

Með breytingu á þingskapalögum Alþingis á 139. þingi var bætt í þau ákvæði um að stjórnarfrumvörpum skuli fylgja mat á kostnaði fyrir ríkissjóð við lögfestingu þeirra. Ekki var haft samráð við fjármálaráðuneytið um þetta lagaákvæði sem ráðuneytið telur fela í sér óþarflega ósveigjanlega tilhögun við framlagningu frumvarpa þegar um brýn málefni er að ræða sem þarfnast skjótra viðbragða, auk þess sem augljósir annmarkar eru á ákvæðinu. Í því er fortakslaust gerð kvöð um umsögn með öllum stjórnarfrumvörpum en auðsætt má vera að það hefði átt að undanskilja frumvörp til fjárlaga, fjáráukalaga og lokafjárlaga þar sem greinargerðir með þeim frumvörpum eru umfjöllun um fjárhagsáhrif þeirra fyrir ríkissjóð og fleiri aðila. Þá er kveðið á um það að gera skuli mat á kostnaði fyrir ríkissjóð, þ.e. á útgjöldum, en í mjög mörgum tilvikum er um að ræða áhrif á tekjuhlið af t.d. breytingum á almennum sköttum eða á gjaldtöku sem ætlað er að fjármagna útgjöld tiltekinna verkefna, langtímaskuldbindingar sem koma ekki fram sem kostnaður fyrir en jafnvel eftir áratugi, áhættuskuldbindingar á borð við ríkisaábyrgðir eða eigna- og skuldabreytingar í efnahagsreikningi. Umsagnir ráðuneytisins um stjórnarfrumvörp taka hins mið af slíkum þáttum eftir atvikum.

Óskað er eftir að þessum sjónarmiðum verði komið á framfæri við framsögumann fyrrgreinds frumvarps.

Fyrir hönd ráðherra



Guðmundur Árnason



Nökkvi Bragason